

Úrskurðarnefnd Bilgreina

Úrskurður kveðinn upp 31. október 2022 í máli USN-2022-8.

Úrskurðarnefndina í málinu skipa Áskell Þ. Gíslason, Hulda Árnadóttir og Jóhann Fannar Guðjónsson.

I.

Aðild og kröfugerð

Þann 5. apríl 2022 barst Úrskurðarnefnd bilgreina beiðni um úrskurð nefndarinnar (hér eftir nefnd kvörtun) frá [REDACTED] (hér eftir nefndur sóknaraðili) vegna ágreinings í viðskiptum við [REDACTED] (hér eftir nefnt varnaraðili).

Sóknaraðili hefur lýst kröfum sínum fyrir nefndinni svo:

Aðalkrafa: Greiðsla upp á 1.250.000 gegn afhendingu bifreiðar.

Varakröfur:

Krafa 1: Endurgreiðsla á Léttri söluskoðun sem undirritaður færði bifreiðina í, í kjölfar þess að hafa orðið var við ryðið. 10.490 kr.

Krafa 2: Endurgreiðsla á verðmati í viðgerð frá BL ehf. Verðmatið fengið í kjölfar áfellingisdóms Frumherja Sundagörðum þann 15.03, 20.213 kr.

Krafa 3: Greiðsla upp á 102.354 kr. fyrir viðgerð á bremsuröri, sem er að sögn bifvélavirkja BL ehf. við það að fara í sundur. Skv. skjali BSK 2.517 „Upplýsingar um ÁSTANDSSKOÐANIR og kaup og sölu notaðra bíla“ frá Frumherja er ritað eftirfarandi: „Skoðunin hentar þeim sem vilja láta athuga helstu öryggisþætti bifreiðar...“ „Hún er því aðallega ætluð þeim sem eru að kaupa eða selja bíl og þurfa faglega prófun á mikilvægum öryggisþáttum (s.s. hemlum)...“ Óumdeilt að hemlarör eru hluti af mikilvægum öryggisþáttum bifreiðar enda grundvöllur hemlunar í bifreiðar. Ekkert var sett út á hemlarör í skoðun Frumherja Hádegismóum þ. 11/03. Skv. skoðunarhandbók Samgöngustofu, útgáfa nr. 20, dags. 15.05.2017, gr. 8.1.0.11 eru skemmdir á hemlaröri sjálfkrafa endurskoðun.

Krafa 4: Greiðsla upp á 130.586 kr. fyrir viðgerð á samsláttarpúðum að framanverðu, sem eru skv. bifvélavirkja BL ehf. ónýtir og lausir inn í gormum. Skv. skjali BSK 2.517 „Upplýsingar um ÁSTANDSSKOÐANIR og kaup og sölu notaðra bíla“ frá Frumherja er ritað eftirfarandi: „...undirvagn athugaður m.t.t. slits í stýrisbúnaði, slits í vélrænum hlutum hjólabúnaðar...“ Ekkert var sett út á samsláttarpúða í skoðunum Frumherja. Skv. skoðunarhandbók Samgöngustofu, útgáfa nr. 20, dags. 15.05.2017 gr. 6.6.0.4 er bilun í samsláttarpúðum athugasemd eða endurskoðun.

Krafa 5: Greiðsla upp á 700.000 kr. fyrir viðgerð á grind bifreiðar. Grind telst mjög illa farin/ónýt og hefði átt að vera mjög augljóst fyrir skoðunarmann að sjá skemmdir. Skv. skjali BSK 2.517 „Upplýsingar um ÁSTANDSSKOÐANIR og kaup og sölu notaðra bíla“ frá Frumherja er ritað eftirfarandi: „...undirvagn athugaður m.t.t. slits í stýrisbúnaði, slits í vélrænum hlutum hjólabúnaðar og styrkleikamissis burðarvirkis.“ Ekkert var sett út að styrkleikamissi í burðarvirki bifreiðar í skoðun Frumherja þ. 11/03. Skv. skoðunarhandbók Samgöngustofu, útgáfa nr. 20, dags. 15.05.2017 gr. 5.1.0.2. er styrkleikamissir á því stigi sem grind bílsins er sjálfkrafa endurskoðun.



BÍLGREINASAMBANDIÐ



Krafa 6: Endurgreiðsla á verðmati í viðgerð frá Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur. Verðmatið fengið í kjölfar ráðlegginga frá BL ehf. 16.988 kr.

Sóknaraðili kveður tilvísaðar varakröfur sínar nema alls 980.631 krónum.

Varnaraðili krafðist þess upphaflega í sínum andsvörum að kröfum sóknaraðila yrði hafnað, en bauð þó endurgreiðslu beggja skoðana sem sóknaraðili hafði keypt. Í athugasemdum sem bárust nefndinni síðar var aðallega krafist frávísunar málsins, en til vara að kröfum sóknaraðila yrði hafnað.

II.

Málsmeðferð úrskurðarnefndar bílgreina

Erindi sóknaraðila barst nefndinni hinn 5. apríl 2022. Erindi ásamt öðrum gögnum sóknaraðila var sent varnaraðila 25. apríl 2022 og kostur veittur á andsvörum sem bárust nefndinni hinn 4. maí 2022. Athugasemdir sóknaraðila bárust nefndinni 14. maí 2022 og athugasemdir varnaraðila bárust nefndinni síðan 12. júní 2022.

Auk fyrirliggjandi erindis sóknaraðila, andsvörum varnaraðila og athugasemda beggja aðila, eru gögn málsins myndir og reikningar fyrir þjónustu ásamt tölvupóstsamskiptum.

Með tölvubréfi hinn 6. júlí 2022 voru málsaðilar upplýstir um að gagnaöflun væri lokið og að málið yrði tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Málið var tekið til úrskurðar á fundi nefndarinnar hinn 12.10.2022. Með tölvubréfi hinn 21.10.2022 voru málsaðilar upplýstir að úrskurður yrði kveðinn upp innan 30 daga.

III.

Helstu málavextir og sjónarmið málsaðila

Sóknaraðili færði bifreið með skráningarnúmerið [REDACTED] til skoðunar hjá varnaraðila [REDACTED] þann 11. mars 2022. Að beiðni sóknaraðila var þar framkvæmd sk. "Létt söluskoðun". Verðið á þjónustunni var 10.490 krónur. Samkvæmt upplýsingablaði varnaraðila er lýsing á þjónustunni eftirfarandi:

„Skoðunin hentar þeim sem vilja láta athuga helstu öryggisþætti bifreiðar, og einnig ef bifreiðin er eldri en 10 ára og fær ekki Söluskoðun. Hún er því aðallega ætluð þeim sem eru að kaupa eða selja bíl og þurfa faglega prófun á mikilvægum öryggisþáttum (s.s. hemlum), en hafa sjálfir faglega þekkingu á öðrum hlutum, eða þeim sem hafa vit á bílum og eru að kaupa sér bíl en vantar skoðunaraðstöðu. Skoðunin tekur að jafnaði um 10-15 mínútur. Farið er yfir virkni helstu ljósa, virkni aksturshemla og undirvagn athugaður m.t.t. slits í stýrisbúnaði, slits í vélrænum hlutum hjólabúnaðar og styrkleikamissis burðarvirkis. Allar athugasemdir eru skráðar á skoðunarvottorð sem viðskiptavinur fær afhent að lokinni skoðun. Boðið er upp á þessa skoðun á öllum skoðunarstöðvum [REDACTED].“

Í skoðun kom í ljós lekamengun á fleiri en einum stað, slag í neðri spindillegu hægra megin og í jafnsvægisstöng vinstra megin aftanverðu. Sóknaraðili kveðst hafa keypt bifreiðina daginn eftir skoðunina fyrir kr. 1.250.000. Þann 13. mars 2022 hafi honum verið bent á mikið ryð í aftari hluta burðavirkis (grind). Bifreiðin var færð að nýju til léttar söluskoðunar á skoðunarstöð varnaraðila að



BÍLGREINASAMBANDIÐ



■ Pann 15. mars sama ár. Í þeirri skoðun er sett út á fleiri atriði en áður, Mestu varðar þó að staðfestur er styrkleikamissir að aftan í burðarvirki bifreiðarinnar.

Föstudaginn 18. mars er bifreiðin færð í skoðun til BL ehf. Sævarhöfða, umboðsaðila Nissan, sem verðmat viðgerð á bremsuröri og samsláttarpúða sbr. kröfu 3-4 og hjálagt verðmat.

Pann 21. mars 20220 mat síðan Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur kostnað við viðgerð burðarvirkis, en ráð var fyrir því gert að viðgerð myndi a.m.k. nema kr. 350.000 kr. en ekki var talið unnt að meta kostnað til hlítar án þess að fjarlægja eldsneytistank. Var mat verkstæðisins að kostnaður kynni að geta numið töluvert hærrí fjárhæðum. Sóknaraðili kveður að erfitt hafi verið að fá nokkur svör vegna málsins frá varnaraðila sem hafi þó fírt sig hvers kyns ábyrgð.

Sóknaraðili telur að annmarki á þjónustu varnaraðila, sem fólgin var í sk. „léttri söluskoðun“ hafi leitt til kaupa hans á gallaðri bifreið og varnaraðili beri því ábyrgð á tjóni sem sóknaraðili hafi orðið fyrir við kaup bifreiðar sem haldin er alvarlegum göllum.

Varnaraðili telur sig ekki bera ábyrgð á ástandi ökutækisins eða bótum vegna galla og vísar í því samhengi m.a. til reglugerðar um upplýsingaskyldu í viðskiptum með notuð ökutæki nr. 44/2003 og skoðunaraskyldu kaupanda. Kaupandi afsali sér ekki skyldu sinni til að meta ástand ökutækis sjálfur þó hann fái óháða aðila til aðstoðar við ástandsmat vegna fyrirhugaðra kaupa. Varnaraðili vísar einnig til skilmála vegna eigin skoðana þar sem fram komi að niðurstöður skoðana veiti ekki ábyrgð í viðskiptum milli aðila. Þá vísar varnaraðili til þess að upplýsingar af hálfu sóknaraðili skorti. Skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki fyrirbyggjandi og tjón eða umfang þess sé ósannað auk þess sem sóknaraðili beri verulega eigin sök. Eftir að hafa boðist til endurgreiðslu tveggja léttra söluskoðana í andsvörum sínum hefur varnaraðili krafist frávísunar og hafnað kröfum.

IV.

Niðurstaða

Úrskurðarnefnd bílgreina starfar á grundvelli samkomulags milli Bílgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda og hefur nefndin hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt 8. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Um réttarsamband aðila fer eftir lögum um þjónustukaup, nr. 42/2000. Í málinu reynir á hvort þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla og hvaða kröfur sóknaraðili geti gert á hendur varnaraðila ef sú sé raunin.

Um galla á þjónustu er fjallað í 9. gr. þjónustukaupalaga, en ákvæðið er svohljóðandi:

■ 9. gr.

Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,
2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,
3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,
4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,
5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,



BILGREINASAMBANDIÐ



6. seld þjónusta vikur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.

Í 4. og 5. gr. laganna kemur síðan fram:

■ 4. gr.

Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skýlt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.

Seljandi þjónustu leggur fram nauðsynleg efni og aðföng nema um annað sé sérstaklega samið. Öryggi.

■ 5. gr.

Seljandi þjónustu skal gæta þess að hún sé í samræmi við almennar reglur, staðla, reglur sem stjórnvöld setja, stjórnvaldsáskvarðanir og lög sem gilda um veitta þjónustu í þeim tilgangi að vernda öryggi neytanda.

Þjónusta varnaraðila var fólgin í því sem hann nefnir „létt söluskoðun“. Skoðunin var framkvæmd 11. mars 2022 á jeppabifreið sem sóknaraðili síðar keypti og er árgerð 2004. Í þeirri skoðun voru ekki gerðar athugasemdir við styrkleika burðarvirkis. Skoðun á annarri starfsstöð varnaraðila, sem fram fór 15. mars 2022, leiddi hins vegar í ljós styrkleikamissi í burðarvirki.

Samkvæmt skilmálum varnaraðila skyldi framangreind skoðun m.a. taka til undirvagns m.t.t. styrkleikamissis burðarvirkis, en hár aldur bifreiðarinnar gaf tilefni til árvekni í því sambandi. Úrskurðarnefndin telur hafið yfir allan vafa að tæring sem í ljós kom við síðari skoðun bifreiðarinnar hinn 15. mars 2022 hafi að nær öllu leyti verið til staðar við fyrri skoðun 11. mars 2022. Ljósmyndir bera með sér sýnilega tæringu á því stigi að fagmönnum sem bifreiðina skoðuðu hefði ekki átt að geta dulist bágborið ástand burðarvirkis. Með vísan til þessa er niðurstaða nefndarinnar sú að seld þjónusta varnaraðila, sem fólgin var í léttari söluskoðun þann 11. mars 2022, hafi verið haldin galla í skilningi 9. gr. þjónustukaupalaga.

Aðalkrafa sóknaraðila felur í sér að varnaraðili verði samsamaður seljanda bifreiðarinnar og honum gert að þola réttaráhrif riftunar með því að greiða kaupverð bifreiðarinnar gegn því að fá hana afhenta. Ekki eru skilyrði til þess að verða við þeirri kröfu sóknaraðila.

Galli á seldri þjónustu bakar varnaraðila hins vegar bótaskyldu gagnvart sóknaraðila. Að mati Úrskurðarnefndarinnar liggur a.m.k. fyrir að tjón sóknaraðila nemur kostnaði við „léttu söluskoðun“ sem framkvæmd var 11. mars 2022 og jafnframt skoðun sem framkvæmd var 15. mars 2022, en hún leiddi í ljós annmarka fyrri skoðunar. Óumdeilt er að kostnaður vegna hvorrar skoðunar nam kr. 10.490. Þá var skoðun Bifreiðaverkstæðis Reykjavíkur, sbr. reikning dags. 22. mars 2022 og fyrirliggjandi tölvupóstsamskipti, liður í því að meta alvarleika og umfang styrkleikamissis burðarvirkis. Telur nefndin að bótaréttur sóknaraðila nái einnig til þess kostnaðar sem af því hlaut, en hann nam kr. 13.700.

Nefndin dregur ekki í efa að sóknaraðili hafi stuðst við niðurstöður varnaraðila þegar bifreiðin var keypt, m.a. að því er styrkleika burðarvirkis varðar. Af því leiðir þó ekki að varnaraðili verði sjálfkrafa gerður ábyrgur fyrir viðgerðarkostnaði vegna atriða sem varnaraðila láðist að geta um að væru úr lagi. Skoðunin var liður í því að gæta skoðunarskyldu í kaupunum og að gættum skilyrðum gæti sóknaraðili átt rétt til afsláttar ellegar skaðabóta úr hendi seljanda bifreiðarinnar. Takmarkaðra upplýsinga eða gagna nýtur hins vegar fyrir um kaupin, m.a. hvers efnis kaupsamningur var, hvort krafa á hendur seljanda hefur verið höfð uppi og hvort hún hefur reynst árangurslaus að einhverju leyti og tjón skapast af þeim sökum eða þá að hvaða marki o.s.frv. Eins og mál þetta liggur fyrir standa því ekki skilyrði til þess að



BÍLGREINASAMBANDIÐ



fella bótaskyldu á varnaraðila vegna viðgerðarkostnaðar eða þess að bifreiðin er rýrari að virði en fyrri skoðun varnaraðila gat gefið tilefni til að ætla. Er því hafnað öðrum kröfum sóknaraðila en þeim sem að framan er fallist á.

V.

Úrskurðarorð

Fallist er á kröfu sóknaraðila um að varnaraðili endurgreiði honum kostnað vegna tveggja léttra söluskoðana og kostnað sem hlaut af skoðun og verðmati Bifreiðaverkstæðis Reykjavíkur, samtals 34.680 krónur.

Áskell Þ. Gíslason

Hulda Árnadóttir

Jóhann Fannar Guðjónsson